

Dags. fundar: 26.október 2011	Tími: 17.15	Nr. fundar: 15
Fundarboðari: ákveðið á fundi 14.	Fundarritari: Björn Valdimarsson	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Sundmót SH og Dómarnámskeið
2. ÍM-25 og NMU 2011 undirbúningur
3. Yfirdómaranámskeið.
4. Endurmenntunarnámskeið samhliða ÍM-25

Viðstaddir: Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Ragnhildur Guðjónsdóttir og Gunnlaugur Práinsson

Boðuð forföll: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Steinunn R. Einarsdóttir,

Dagskrá:

1. Rætt var um verklega hluta Dómaranámskeiðs SH þar sem reglum DMT SSÍ var ekki fylgt eftir af námskeiðshaldara og ekki gerðar ráðstafanir til þess að varamaður tæki nemana að sér. Nefndin vill að þessi mál séu alveg á hreinu áður en leyfi eru gefinn út vegna námskeiða. Rætt var um Dómaranámskeið sem ÍRB og Óðinn vilja halda. Nefndin ræddi um að verklegi þátturinn verði að fara fram á sundmóti með sem flestum sundgreinum. Næsta tiltæka mót gæti verið Hausmót Fjölnis. ÓB ætlar að kanna hver tekur að sér námskeiðið á Akureyri.
2. Rætt var um framkvæmd Stórmóts SH þar sem sumir verkferlar virtust ekki alveg vera samkvæmt reglunum. Rætt um að senda til félaganna upplýsingar um mótshald og frágang.
3. Undirbúningur vegna ÍM 25 og NMU settir í gang og skipan Alþjóðlegra dómara og ræsa á mótin. Gunnlaugur verður í sambandi við þá og verður byrjað að auglýsa eftir starfsfólki sem fyrst.
4. Yfirdómaranámskeið frestað fram yfir áramót. Rætt um Yfirdómaraefni. **Setja á Heimasíðu SSÍ að Yfirdómaranámskeið verði haldið eftir áramót.**
5. Endurmenntunarnámskeið samhliða ÍM 25. Ákveðið að fara yfir stöðu Tæknidómara.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Undirbúningur vegna ÍM 25 og NMU	GP	Sem fyrst
Dómaranámskeið yfirferð kennslugagna	SJ/BV	Sem fyrst
Setja á Heimasíðu SSÍ um Yfirdómaranámskeið		Sem fyrst

Fylgiskjöl: enginn

Fundi slitið kl: 18:25

Næsti fundur: miðvikudaginn 30. nóvember nk. kl. 17.15 í Laugardalslaug.